

Reykjavík, 22. maí 2019.

Umsögn **Geðhjálp** um Stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónusturparfir 2019 – 2025

Stjórn Geðhjálpars lýsir yfir ánægju sinni með að Reykjavíkurborg skuli beina sjónum sínum að málefnum heimilislausra með drögum að *Stefnu sveitarfélagsins í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónusturparfir 2019-2025*. Geðhjálp hefur ítrekað reynt að vekja athygli velferðarráðs á því að brýnna úrbóta sé þörf í þjónustu við þennan hóp en án árangurs á síðustu misserum. Því er í senn þarft og ánægjulegt að settar hafi verið fram metnaðarfullar tillögur af hálfu borgarinnar um að mæta þörfum þessa viðkvæma hóps fyrir sérhæfða þjónustu, almenn úrræði og búsetuúrræði af ýmsu tagi.

Drögin fela í sér vandaða, faglega úttekt á ástandinu, kynningu á hugmyndafræði og tillögur til úrbóta á þjónustunni. Tillögurnar fela í sér margvíslegar, þarfar úrbætur fyrir afmarkaða hópa, t.a.m. sérhæfð úrræði fyrir unga tvígreinda karla, ungmenni og konur. Stjórnin saknar þess þó að í tillögunum sé ekki að finna sérstök stuðningsúrræði fyrir ungar tvígreindar mæður. Með sérhæfðum stuðningi við þennan hóp yrði skapaður ómetanlegur grunnur til tengslamyndunar og þar með nýrra tækifæra fyrir þennan hóp og komandi kynslóðir.

Stjórn Geðhjálpars lítur svo á að helsti veikleiki draganna felist í því að of mikil áhersla sé lögð á fræðilega umfjöllun á kostnað áherslu á þjónustu á vettvangi. Vandaðar, fræðilegar úttektir skila litlum árangri ef starfsmönnum eru ekki sköpuð raunhæf skilyrði til að ýta úrbótum úr vör og sinna skjólstaðingum sínum af kostgæfni án þess að eiga á hættu að brenna út í starfi eins og ófá dæmi eru um í þessum geira. Stjórnin lítur svo á að forsendan fyrir raunverulegum úrbótum á vettvangi felist í faglegri stjórnun, bættri mönnun, betri starfskjörum og herra hlutfalli fagmenntaðra við veitingu þjónustunnar.

Þjónustustörf í þágu heimilislausra eru sérstök. Starfsmenn þurfa ekki aðeins að búa yfir viðeigandi menntun og reynslu til að sinna starfi sínu heldur dýrmætum eiginleikum til þess að takast á við krefjandi skjólstaðinga og aðstandendur ásamt því að eiga uppbyggilegt samstarf við samstarfsaðila innan og utan sveitarfélagsins. Af því leiðir að mikils er um vert að tryggja að stuðningur, starfskjör og annar aðbúnaður séu með þeim hætti að sem hæfastir einstaklingar veljist til að starfa fyrir heimilislausa. Með því er ekki aðeins stuðlað að faglegri, gæðaðþjónustu heldur uppbyggingu dýrmætrar þekkingar til lengri tíma.

Brýnt er að yfirstjórn Reykjavíkurborgar hvetji starfsmenn til dáða með því að láta sig málefni heimilislausra varða. Með sama hætti er mikils um vert að sterkir, faglegir leiðtogar veljist í stjórnendastörf og tryggi að þjónustan sé veitt samkvæmt ströngustu, faglegu kröfum. Hátt hlutfall fagfólks stuðlar að því að hugmyndafræði þjónustunnar skili sér til notenda. Jafnframt felur vandaður jafningjastuðningur í sér dýrmæta leið til að valdaefla skjólstaðinga til að taka ábyrgð á eigin lífi.

Stjórn Geðhjálpur leggur áherslu á að þétt samvinna ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fólk með geðraskanir sé bundin í lög, sbr. fyrsta verkefni gildandi *Stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum*. Þessi þáttur rennur stoðum undir samfellda, þverfaglega þjónustu við stóran hóp heimilislauða með tvígreiningu enda þurfa einstaklingar innan þessa hóps oft á þjónustu heilbrigðisyfirvalda og viðkomandi sveitarfélags að halda til skiptis eða samtímis. Því miður hefur skortur á samvinnu þessara aðila komið hart niður á notendum geðheilbrigðisþjónustunnar og aðstandendum þeirra í gegnum tíðina.

Vakin er athygli á því að í jákvæðri umsögn Geðhjálpur um frumvarp til þess að heimila neyslurými er lögð áhersla á að notendum neyslurýma standi ávallt til boða geðheilbrigðisþjónusta, einstaklingsbundin ráðgjöf og tilboð um uppbyggileg úrræði. Forsenda fyrir árangursríku þjónustuúrræði af þessu tagi felst í þéttu samstarfi heilbrigðisyfirvalda og viðkomandi sveitarfélags um þverfaglega þjónustu í úrræðinu, eftirfylgd og einstaklingsmiðaðri nálgun. Með sama hætti er nauðsynlegt að meðfylgjandi reglugerð feli í sér nákvæma lýsingu á starfsemi neyslurýma.

Geðhjálp leggur áherslu á að fyrirliggjandi tillögur séu verðmetnar, fjármagnaðar að fullu í fjárhagsáætlun velferðarsviðs og séð til þess með reglubundnu eftirliti að úrbæturnar skili sér til skjólstæðinga borgarinnar. Með sama hætti er minnt á að eðlilegt er að fara í gegnum húsakost þjónustuúrræða og tryggja að hann henti þörfum ólíkra skjólstæðingahópa. Fyrir liggur að hluti af húsnæðisúrræðum fyrir fólk með geðrænan vanda á vegum Reykjavíkurborgar er úreltur og er þar nærtækst að nefna húsnæðið að Miklubraut 20.

Um leið og Geðhjálpur fagnar því að auka eigi áherslu á samstarf við notendafélög vill hún benda á að samtökin eiga í samstarf við Reykjavíkurborg, SÁÁ og LSH um ráðstefnu á alþjóðlegum degi heimilislauða 10. október. Í drögum að stefnu borgarinnar kemur fram að verkefnahópur muni vekja athygli á heimilisleysi á alþjóðlegum degi heimilislauða í samráði við heilbrigðisráðuneytið.

Virðingarfyllst fyrir hönd Geðhjálpur,

Einar Þór Jónsson.

